

HPE-2017-01 Markaðssetning á Hrísey sem vetraráfangastaðar

Umsækjandi er Ferðamálafélag Hríseyjar. Markmið verkefnisins er að bæta og markaðssetja þjónustu við ferðamenn yfir veturinn. Með tilkomu samstarfs við Ambassador eru að skapast fleiri möguleikar á að nýta þeirra báta fram á haustið og svo að leita leiða til að koma fólki á bryggju á Árskógssandi. Þá með samstarfi við ferðaskrifstofur eða rútufyrirtæki. Sótt er um styrk vegna launakostnaðar við verkefnið.

Verkefnið fellur mjög vel að markmiðasetningu byggðapróunarverkefnisins, ekki hvað síst varðandi betri markaðssetningu á Hrísey sem áfangastað og meiri fjölbreytni í atvinnulífinu.

Verkefninu var úthlutað 350.000 kr.- árið 2017.